

**Nd.**

**178. Frumvarp til laga**

**[128. mál]**

um breyting á lögum nr. 51 frá 26. maí 1972 um Bjargráðasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

**1. gr.**

5. gr. laganna orðist svo:

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

- a. Framlög sveitarfélaga, sem skulu nema kr. 150.00 fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við Þjóðskrá 1. desember undanfarið ár.
- b. 0.35% af söluvörum landbúnaðarins sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945 um stofnun búnaðarmálasjóðs.
- c. Framlag ríkissjóðs, sem nema skal samanlögðum framlögum samkvæmt staflíðum a og b þessarar greinar.
- d. Vextir af fé sjóðsins.

**2. gr.**

8. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að veita einstaklingum, félögum og sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiriháttar tjón á fasteignum og lausafé af völdum náttúruhamfara, að svo miklu leyti sem ekki er unnt að tryggja gegn slíkum tjónum eða fá þau bætt með öðrum hætti sbr. ákvæði laga nr. 52 frá 27. maí 1975 um Viðlagatryggingu Íslands.

**3. gr.**

10. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingum styrkja og/eða vaxtalausra lána eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Lánstími skal að jafnaði vera 5 ár.

Lán, sem veitt eru einstaklingum eða félögum, skulu tryggð með sjálfskuldarábyrgð sveitarfélags eða annarri tryggingu, sem stjórn sjóðsins metur gilda.

Lán til sveitarfélaga skulu tryggð með framlagi til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Verði vanskil á láni sveitarfélags, er ráðherra heimilt að inna greiðslu af hendi af jöfnunarsjóðsframlagi til sveitarfélagsins. Sama gildir um vanskil sveitarfélags sem ábyrgðaraðila sbr. 2. mgr. þessarar greinar, enda hafi sveitarfélag sannanlega áður verið krafist um greiðslu án árangurs.

Umsóknir um aðstoð skulu að jafnaði hafa borist sjóðnum innan árs, frá því að tjón varð.

**4. gr.**

Við 16. gr. laganna bætist:

Ennfremur skulu undanþegin stimpilgjöldum skuldabréf fyrir lánnum, sem sveitarfélög veita einstaklingum af fé, sem þau hafa tekið að láni hjá Bjargráðasjóði.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af stjórn Bjargráðasjóðs, og fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

Með bréfi dags. 8. september 1975 fól félagsmálaráðherra stjórn Bjargráðasjóðs að endurskoða gildandi lög um sjóðinn nr. 51 frá 26. maí 1972 sérstaklega með tilliti til setningar laga um Viðlagatryggingu Íslands nr. 52 frá 27. maí 1975.

Bjargráðastjórn er sammála um að leggja til, að gerðar verði þær breytingar á gildandi lögum sjóðsins, sem felast í frv. þessu, en þær eru þessar:

### Um 1. gr.

Lagt er til að framlög sveitarfélaga til sjóðsins hækki úr kr. 50.00 á íbúa í kr. 150.00 á íbúa. Framlag sveitarfélaganna hefur verið óbreytt í krónutölu allt frá ársbyrjun 1970.

Lagt er til, að framlag búvöruframleiðenda hækki úr 0,25% samkvæmt gildandi lögum í 0,35% af söluvörum landbúnaðarins, og er þar um 40% hækkun að ræða auk þess sem hér er um verðtryggðan tekjustofn að ræða, sem hækkar með hækkuðu söluverði búvara.

Mótframlög ríkissjóðs samkvæmt staflíð e munu sjálfkrafa hækka.

Ef breytingar þær, sem í þessari gr. frv. felast, verða að lögum, mundu tekjur Bjargráðasjóðs af þeim sökum tvöfaldast en tekjur sjóðsins eru á þessu ári áætlaðar 70—80 millj. kr. Verði frv. óbreytt að lögum, má því ætla, að tekjur sjóðsins á árinu 1977 yrðu 140—160 millj. kr. að viðbættum tekjum, sem stafa af fólksfjölgun og hækkuðu búvöruverði, ef til kemur.

Stjórn sjóðsins telur brýna nauðsyn á því að efla sjóðinn fjárhagslega, svo að hann geti gegnt hlutverki sínu, eins og til er ætlast samkvæmt lögum hans. Á tímabilinu frá 1. janúar 1976 til 3. september 1976 hafa samþykktar styrk- og lánveitingar úr sjóðnum verið, svo sem hér segir:

	Styrkir	Lán	Alls kr.
Almenn deild .....	625 000	24 835 000	25 460 000
Búnaðardeild .....	18 074 788	79 337 000	97 411 788
Samtals kr.	18 699 788	104 172 000	122 871 788

Rekstrartekjur sjóðsins á þessu ári eru áætlaðar 70—80 millj. kr., en þar við bætast rúmlega 40 millj. kr. afborganir af veittum lánum úr sjóðnum, þannig að öllu ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu hefur þegar verið ráðstafað og sjóðurinn getur ekki veitt frekari fyrirgreiðslu, það sem eftir er ársins af eigin fé.

Vegna gifurlegra tjóna, sem hlotist hafa af völdum óþurrkanna í sumar, er ljóst, að til sjóðsins verður leitað á komandi hausti og vetri um fyrirgreiðslu auk fyrirgreiðslubeiðna vegna annarra tjóna. Þarf því hvorutveggja að koma til: bráðabirgða-fyrirgreiðsla í formi láns til sjóðsins og efling hans, svo sem ráð er fyrir gert í 1. gr. frv. þessa.

### Um 2. gr.

Í þessari grein er ákvæði um hlutverk almennu deildar sjóðsins. Í gildandi lögum eru taldar upp nokkrar tjónaorsakir af völdum náttúruhamfara. Við gildistöku laga nr. 52 frá 27. maí 1975 um Viðlagatryggingu Íslands er sú upptalning úrelt orðin, og því er henni sleppt hér. Samkvæmt gr. veitir deildin fjárhagsaðstoð til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara, að svo miklu leyti sem ekki er unnt að tryggja gegn slíkum tjónum eða að fá þau bætt með öðrum hætti þ. á m. með bótum frá Viðlagatryggingu Íslands. Má því segja, að hin almenna deild Bjargráðasjóðs taki við, þar sem tryggingar þrýtur. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að fjölmargar eignir og mannvirki, eru ekki viðlagatryggðar s. s. ýmis opinber mann-

virki, lausafé og fasteignir, sem ekki eru brunatryggðar, þar eð Viðlagatrygging er bundin við verðmæti, sem eru brunatryggð. Ennfremur má á það benda, að Viðlagatrygging bætir ekki tjón af völdum óveðurs, en fyrirgreiðsla almennu deildar Bjargráðasjóðs hefur á undanförunum árum einmitt verið mest vegna tjóna af völdum óveðurs. Nægir í því sambandi að nefna óveðurstjón á síðastliðnum vetri á Suðureyri, í Neskaupstað og í Vík í Mýrdal, en óveðurstjón á þessum þremur stöðum voru metin á tæplega 30 millj. króna.

Um 3. gr.

Að stofni til er efni gr. óbreytt frá því sem er í gildandi lögum. Þó er bætt við ákvæði um tryggingu fyrir lánnum til sveitarfélaga, að þau skuli tryggð með framlagi til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, svo og kröfur á sveitarfélag sem ábyrgðaraðila vegna lána til einstaklinga í sveitarfélaginu. Er þetta í samræmi við ákvæði í skuldabréfum sjóðsins og venju, sem tíðkast hefur.

Um 4. gr.

Í 16. gr. gildandi laga um Bjargráðasjóð eru skuldabréf fyrir lánnum, sem sjóðurinn tekur og veitir undanþegin greiðslu stimpilgjalds. Lagt er til, að þessi undanþáguheimild nái einnig til skuldabréfa fyrir lánnum, sem sveitarfélög veita einstaklingum af fé, sem þau hafa tekið að láni hjá sjóðnum í því skyni.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.